

# Þróunarsjóður innflytjendamála 2014

**Heiti verkefnis:** Gaman saman

**Nafn styrkþega:** Leikskólinn Bergheimar

**Útdráttur:** Markmiðið með námskeiðinu var að brúa bilið á milli foreldra og barna af erlendum uppruna og starfsmanna leikskólans. Á námskeiðinu kynntum við það sem samfélagið okkar hefur uppá að bjóða bæði fyrir börn og fullorðna. Auk þess var lagt upp með einfalda íslenskukennslu en aðalmarkmiðið var að kynnst og hafa gaman saman. Námsefnið var útbúið í Boardmaker sem er notað til að búa til myndrænt efni og hægt er að notast við ólík tungumál. Allir fengu afhent námsefnið í upphafi námskeiðs. Námsefnið samanstóð af möppum sem innihéldu myndir og íslensk orð ásamt sama orði á tungumáli þátttakenda. Einnig notuðum við miða með stuttum setningum bæði til að para saman og til að fara eftir fyrirmælum. Íslenskukennslan var byggð upp með því að leika sér með orðin t.d að leika eða teikna hlutinn og þurftu þátttakendur að svara með íslenska orðinu sem við átti. Þátttakendur áttu einnig að lesa stuttar setningar og para saman eða gera það sem stóð á miðunum. Einnig var ýmislegt fleira gert, t.d. var farið í Íþróttamiðstöðina þar sem börnin fóru í Litla Íþróttaskólann með sínum jafnöldrum, við bökuðum íslenskar pönnukökur og vöflur eftir íslenskri uppskrift og í lokin héldum við menningarkvöld þar sem allir komu með mat frá sínu heimalandi. Þátttakendur voru hvattir til þess að nýta það sem er í boði í samfélaginu okkar í sínum tómstundum s.s. íþróttir, kóra og taka þátt í öðru félagsstarfi. Fjölmening bætir samfélagið og teljum við það hjálpa þeim sem eru að læra íslensku að vera með íslendingum í leik og starfi og nota íslenskuna sem þau eru að læra.

Helstu niðurstöður eru þær að við höfðum gaman saman og kynntumst sem var aðalmarkmið námskeiðsins. Þátttakendum fannst þau einnig læra íslensku og fá aukið þor til þess að tjá sig.